

Áhorfandinn er minntur á hringrás tímans með endurnýjanlegum efnum.

Myndlist | Alþjóðlegi listhópurinn Distill afhjúpar hversdaginn í Listasafni Reykjanesbæjar í kvöld

Unnið úr heimilisefni með óvæntum hætti

TÍMINN tvinnaður nefnist sjónlistasýning sem opnuð verður í kvöld í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsum. Sýningin kannar hugmyndir fyrirbærafræði vísindanna, endurtekningarinnar og líkamans, að sögn aðstandenda en að henni stendur alþjóðlegi listhópurinn Distill.

Bollaleggingar á hugtökunum tími og endurtekning

Distill samanstendur af sjö nútímalistamönnum sem búsettir eru víða um heim en eiga það sameiginlegt að hafa á sínum tíma stundað listnám í Colarado í Bandaríkjunum. List þeirra spannar sviðið frá tvívíðum hlutum til skúlptúra og innsetninga. Listaverkin sem um ræðir eru unnin úr margvísilegum efniviði og má meðal annars berja augum verk búin til úr ýmsum og ólíkum endurnýjanlegum efnum. Þannig er áhorfandinn minntur á hringrás tímans, en í sýningarskrá stendur að sýningin endurspegli „margbrotnar bollaleggingar á hugtökunum tími og endurtekning“.

Kynferðisleg skírskotun

Meðal meðlima Distill-hópsins er Bandaríkjamaðurinn Jaeha Yoo. Yoo nýtir sér meðal annars framsetningu á tuskudýrum og vísa verk hans í minningar frá draumum barnæskunnar. „Að stóru leyti snýst sýningin um það hvernig verkin eru unnin og um efnið sem við notum. Við notum efni sótt í hversdaginn og inn á heimilið með móti sem nær út fyrir hefðbundinn skilning fólks á efninu,“ útskýrir Yoo.

Hann segir að í sínu tilfelli hafi hann viljað vekja upp tilfinningar sem tengdust æviskeiðinu mitt á milli tíma sakleysis og þekkingar. „Þetta er tímabilið þegar við verðum siðferðilega meðvituð um líkama okkar. Ég nota vissulega leikföng en það er óneitanlega smá kynferðisleg skírskotun í verkum mínum. Slíka skírskotun má finna í fleiri verkum á sýningunni.“

Hárbeittar heklunálar

TEXTÍLL

Listasafn Árnesinga, Hveragerði

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Sýningin stendur til 18. júní. Opið alla daga frá kl. 11.00–17.00

HIN viðamikla einkasýning Hrafnhildar Sigurðardóttur, „Hér“ í Listasafni Árnesinga, felur í sér sérkennilega blöndu léttleika, litríkis, leikgleði og húmors við pólitíska biturð og óhugnanlega þolinmæði.

Hekluð, hnýtt og prjónuð verk í yfirstærðum og mismunandi pólitískar skírskotanir í titlum þeirra og rituðum texta sýningarinnar bera með sér togstreitu milli fagurfræði þeirra og þeirrar undirliggjandi reiði sem virðist ekki síður hafa verið drifkrafturinn við gerð þeirra.


Í efnislega áleitnu verki sem gert er úr mjúkum plaströrum fylltum með varalit og hengt upp á vegg eins og snærishönk þrengir titillinn „Varastækkun?“ óþarflega túlkunina. Þetta á einnig við um sjónrænt áhugavert verk sem samanstendur af hörþráðum og megrunartöflum og ber titilinn „Ekki minn lífstíll“.

Pólitískur rétttrúnaður titlanna nær litlu samhengi við myndræna útfærslu verkanna sem hafa í sér mun víðtækari og áhugaverðari túlkunarmöguleika. Listpólitíska verkið „Sjálfsmynd myndlistarkonu – Hver er á spena hvers“ og „Ólögleg möskvastærð“ eru dæmi um verk þar sem titlarnir fela þó aðeins í sér ákveðnar vísanir en rígbinda túlkunina ekki niður. Hins vegar er það gert í textanum sem fylgir og verður að teljast óþörf stýring.

Hið áhugaverða við sýninguna er samt sem áður sú spurning hvernig hægt sé að tjá pólitíska ádeilu eða reiði í verkum sem unnin eru með svo mikilli þolinmæði og fínlegu handbragði. Svarið virðist liggja í því að drifkrafturinn sé reiðin sem umbreytist í logandi úthald, endurtekinn rytma handverksins sem hefur ekkert með þolinmæði að gera og er frekar skyldur andstæðu hennar.

Óánægjan sem upplifuð er beinist inn á við, að handverkinu, og á kannski eitthvað skylt við sjálfspíningarhvöt sem magnast þar upp vegna ákveðins valdaleysis. Þetta minnir á aldagamalt táknmál kvenna sem tjá sig með þögn og svipbrigðum, líkamsmál bálreiðrar konu sem finnur óánægjunni engan farveg nema í litlum, reiðum hreyfingum hárbeittrar heklunálarinnar.

Það er þessi þáttur í verkunum sem virkar trúverðugastur og sterkastur, ekki síst þegar hið fallega í handverkinu ógnar stöðugt þeirri tilfinningu sem verið er að miðla.



„Hnýtt eða hekluð net eru með skemmtilegri verkum á sýningunni, netið þarf ekki að standa fyrir veiðarfæri eingöngu heldur felur einnig í sér táknmynd öryggisnets, hlífðarnets eða tengslanets,“ segir í umsögn.

Hnýtt eða hekluð net eru með skemmtilegri verkum á sýningunni, netið þarf ekki að standa fyrir veiðarfæri eingöngu heldur felur það einnig í sér táknmynd öryggisnets, hlífðarnets eða tengslanets. Rauðar og bleikar netjur hafa margslungnar skírskotanir til innviða líkamans jafnt sem félagslegs veruleika. Óhugnaður Medúsu tekur á sig margar myndir en þræðir örlaganna rakna upp um leið og við sjáum að vefurinn er samfélagslegur og manngerður. Þæfður valmúi í ofskynjunarlitum og gegnsætt girnisverk bjóða upp á líkamlega upplifun tálmyndarinnar.

Sýningin sem heild virkar sjónrænt sem létt, falleg og áhrifarík innsetning en boðskapur hennar virðist heldur þyngri en ætla mætti í fyrstu. Best tekst til þegar boðskapurinn er innbyggður í sjónrænan og efnislegan veruleika verkanna og áhorfandanum sjálfum látið eftir að túlka það sem hann sér.

Þóra Þórisdóttir

